

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að breyttu deiliskipulagi.

Brekkuhvarf 1a til g. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar 12. janúar 2021 tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Brekkuhvarf 1a til g. Í breytingunni er gert ráð fyrir að færa byggingarreiti til norðvesturs, minnka sameiginlega umferðarlóð og breyta hæðar-afsetningu húsa til að jafna hæðarmun milli húsa. Hámarksmaenishæð verður 7,5 m í stað 8,0 m. Að öðru leyti vísast til gildandi deiliskipulagsskilmála.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 25. janúar 2021.

Birgir Hlynur Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. janúar 2021